

Atvinnuveganefnd Alþingis

Umsögn berist **eigi síðar en 10. janúar nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 10. janúar 2023

Efni:

Umsögn Landverndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (rafvæðing smábáta), Þingskjal 681 — 539. mál.

Rafvæðing strandveiðiflotans er tæknilega möguleg og nokkur reynsla er komin á hana í Noregi. Stjórn Landverndar telur því nauðsynlegt og löngu tímabært, að koma á hvatakerfi til að efla rafvæðingu báta sem stunda strandveiðar við Ísland.

Hvatar geta verið með ýmsum hætti. Í þessu tilfelli er lagt til að hvatinn verði jákvæð ívilnun. Stjórn Landverndar telur heppilegast að hvatar til jákvæðra breytinga í atvinnulífinu séu almenns eðlis og byggji á mengunarbótareglunni; að innbyrða ytri kostnað við atvinnustarfsemi. Ef hvatar eru sértækir eins og í þessari tillögu er skynsamlegt að þeir séu tímabundnir, til að flýta fyrir æskilegum breytingum.

Landvernd styður því þessa tillögu með þeim fyrirvara sem að framan greinir.

Landvernd hefur um langt árabil bent íslensku stjórnvöldum á að koma þarf á gjaldi á losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi í anda mengunarbótareglunnar. OECD og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hafa hvatt íslensk stjórnvöld til þess að nýta kolefnisgjald með víðtækari hætti en gert er í dag. Reynslan bendir til þess að kolefnisgjald sé skilvirkasta leiðin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tekjur sem gjald á losun gróðurhúsalofttegunda mynda má nýta til að styrkja fjárfestingar í sjávarútvegi sem draga úr losun. Með þeim hætti yrði samkeppnisstaða sjávarútvegs til skamms tíma ekki veikt, og til lengri tíma yrði hún í raun styrkt með að flýta innleiðingu umhverfisvænni og orkusparandi tækni við veiðar. Með slíku fyrirkomulagi fengju sjávarútvegsfyrirtæki sem eru framsækin og viljug til að innleiða nýjungar, fjárhagslega umbun. Fyrirtæki sem eru tregari til að bregðast við bera aukinn kostnað. NOx sjóðurinn í Noregi¹ er dæmi um fyrirkomulag af þessu tagi. Reynslan af þessum norska sjóði, sem er fjármagnaður með gjöldum á losun, hefur almennt verið jákvæð. Landvernd hvetur Alþingi til að kynna sér reynsluna af NOx sjóði Normanna og nýta sér þá reynslu til að koma á svipuðu kerfi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi á Íslandi. Takist það vel á Íslandi má búast við því að það geti þjónað sem fyrirmynd fyrir aðrar fiskveiðiþjóðir.

Með vinsemd og virðingu,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

¹ Upplýsingar um þetta er að finna hér: <https://www.noxfondet.no/en/>